



Reglur um aðstoð til greiðslu lögmanskostnaðar í barnaverndarmálum

1.gr.

Barnaverndarnefnd ÚtEyjar veitir aðstoð til greiðslu lögmanskaðstoðar fyrir börn, foreldra eða aðra forráðamenn barna eða ungmenna þegar fyrir liggur einhliða áætlun um beitingu þvingunarúrræða eða áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð, sbr. 47. gr og 55. gr barnaverndarlga nr. 80/2002 og 28. gr. reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Barnaverndarnefnd ÚtEyjar Leggja skal fram skriflega umsókn um framangreinda aðstoð. Þegar umsókn er metin skal höfð hliðsjón af fjárhag umsækjenda.

2.gr.

Barnaverndarnefnd ÚtEyjar veitir jafnframt aðstoð til greiðslu lögmanskostnaðar þegar úrskurði er skotið til Kærunefndar barnaverndarmála.

3.gr.

Aðstoð til greiðslu lögmanskostnaðar er háð því að löglærður aðstoðarmaður hafi réttindi til málflytnings fyrir héraðsrétti eða hæstarétti, sbr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 61/1994 um málflytjendur.

4.gr.

Foreldrar og aðrir forsjármenn barna eða ungmenna velja sér sjálfir lögmann. Lögmaður skal hafa samband við starfsmenn barnaverndarnefndar eða Félagsmálastjóra Dalvíkurbyggðar eða félagsmálastjóra Fjallabyggðar. Gera skal samning um vinnslu málsins þar sem fram kemur hvert hlutverk lögmanns sé í málinu og hvernig hann hyggst sinna hagsmunum umbjóðenda síns. Þá skal lögmaður gera grein fyrir tímagjaldi sínu. Ef Barnaverndarnefnd ÚtEyjar skipar barni talsmann, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 58/1992 gilda sömu reglur.

5.gr.

Hámarksupphæð sem greidd er fyrir lögmanskostnað skv. reglum þessum er kr.100.000.- án virðisaukaskatts. Til viðbótar getur komið kostnaður vegna málskots til Kærunefndar um barnaverndarmál allt að kr. 50.000.- án virðisaukaskatts. Komi til tilvik þar sem ljóst er að vinnsla máls verði sérstaklega umfangsmikil skal samið um það sérstaklega. Lögmaður skal skila tímaskýrslu um leið og hann leggur fram reikning.

6.gr.

Félagsmálastjórar sjá um afgreiðslu reikninga vegna lögmanskostnaðar. Hafi verið samið um hærri greiðslur en reglur segja fyrir um skal vísa máli til Barnaverndarnefnda ÚtEyjar til staðfestingar.



7.gr.

Reglur þessar skulu kynntar foreldrum og öðrum forsjáraðilum barns eða ungmennis ef mál þeirra sæta meðferð Barnaverndarnefndar ÚtEyjar og þeim lögmönnum sem taka að sér að aðstoða þá, sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.

8.gr.

Reglur þessar taka gildi 1. júlí 1996.

Samþykkt í Félagsmálaráði Dalvíkur 22. júní 1996.

Staðfest í Bæjarstjórn Dalvíkur 22. ágúst 1996

Staðfestar breytingar á reglunum á fundi Barnaverndarnefndar ÚtEyjar þann 24.04.2009